

Fyrir Framsóknarflokk:

Jónas Hallgrímsson  
Kristjana Bergsdóttir

Fyrir Sjálfstæðisflokk:

Kristinn Pétursson  
Sigurður Eymundsson

Varamenn þingmanna Suðurlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalag og óháða:

Ragnar Óskarsson

Fyrir Alþýðuflokk, Jafnaðarmannaflokk Íslands:

Hrafn Jökulsson

Fyrir Framsóknarflokk:

Ólafía Ingólfssdóttir  
Elín Einarssdóttir

Fyrir Sjálfstæðisflokk:

Drífa Hjartardóttir  
Amar Sigurmundsson

Þetta birtist hér með samkvæmt 116. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. maí 1995.*

## REGLUGERÐ

### um ferðaskrifstofur.

#### I. KAFLI

#### Ferðaskrifstofuleyfi.

##### 1. gr.

##### *Ferðaskrifstofa.*

Með ferðaskrifstofu er átt við skilgreiningu þá sem fram kemur í ákvæðum 9. gr. laga um skipulag ferðamála nr. 117/1994 með síðari breytingum.

##### 2. gr.

##### *Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu.*

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skiptast í tvo flokka eftir umfangi reksturs með eftirfarandi hætti:

Flokkur A: Gildir um hvers konar ferðaskrifstofurekstur þar sem fyrirtæki, félag eða einstaklingur tekur að sér að veita í atvinnuskyni alla almenna þjónustu við ferðamenn, þ. á m. miðlun ferða, gistingar og frístundaiðju og selur almenna farseðla.

Flokkur B: Gildir um ferðaskipuleggjendur. Ferðaskipuleggjandi er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga og býður öðrum til umboðssölu. Einnig fyrirtæki sem annast móttöku hópa eða einstaklinga og skipuleggur fyrir þá dvöl og frístundaiðju eða fundi og ráðstefnur og þjónustu tengda þeim, en annast að öðru leyti hvorki almenna farmiðasölu né umboðssölu.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skal veita í fyrsta sinn til tveggja ára en síðan til fimm ára í senn. Ferðaskrifstofuleyfi sem í gildi voru 30. maí 1994 halda gildi sínu í fimm ár frá þeim tíma, enda sé skilyrðum laga um skipulag ferðamála um að öðlast slíkt leyfi fullnægt.

Leyfisgjald til reksturs ferðaskrifstofu er kr. 5.000.

3. gr.

*Skilyrði leyfis og eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.*

Um skilyrði til að öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fer eftir ákvæðum 12. gr. laga um skipulag ferðamála.

Þessum skilyrðum verður leyfishafi einnig að fullnægja eftir að leyfi er fengið og getur samgönguráðuneytið krafist endurskoðaðra ársreikninga og annarra upplýsinga frá ferðaskrifstofu til að ganga úr skugga um það.

II. KAFLI

**Tryggingar ferðaskrifstofa.**

4. gr.

*Tryggingarskylda.*

Ferðaskrifstofa, eða samtök slíkra fyrirtækja, skal setja tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem greitt hefur verið og fyrir greiðslu kostnaðar við heimflutning neytandans ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar viðkomandi ferðaskrifstofu kemur.

Trygging getur verið fólgin í ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs, handveði í seljanlegum verðbréfum eða í öðrum tryggingum sem ráðuneytið metur gildar.

5. gr.

*Tryggingarfjárhæð.*

Samgönguráðuneytið ákveður upphæð trygginga ferðaskrifstofa. Tryggingarfjárhæðir skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir leyfi samkvæmt flokki A er tryggingarfjárhæðin kr. 10.000.000. Þó er heimilt að lækka hana niður í kr. 5.000.000 þegar ferðaskrifstofa hefur lagt fram sönnur á að hún hafi aðrar sambærilegar tryggingar.
2. Fyrir leyfi samkvæmt flokki B er tryggingarfjárhæðin kr. 1.000.000.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða hærri tryggingarfjárhæð ef, að mati ráðuneytisins, áætlaður kostnaður við heimflutning farþega og fyrirframgreiðslu ferðakostnaðar er meiri en nemur fjárhæð tryggingar.

Umsækjendur um leyfi til reksturs ferðaskrifstofa skulu láta fylgja umsókn upplýsingar um fjárhagsstöðu og áætlun um umfang starfsemi sinnar á yfirstandandi ári.

6. gr.

*Eftirlit með tryggingum ferðaskrifstofa.*

Leyfishafar skulu fyrir 1. maí ár hvert senda samgönguráðuneytinu endurskoðað ársuppgjör, auk upplýsinga um þau umsvif sem fyrirhuguð eru á starfsárinu. Samgönguráðuneytið tekur ákvörðun á grundvelli þeirra upplýsinga hvort tryggingarfjárhæð skuli breytt.

Ráðuneytið getur heimilað að mat á tryggingarfjárhæð fari fram hjá löggiltum endurskoðanda sem ráðuneytið og umsækjandi eða leyfishafi samþykkja og skulu þá upplýsingar lagðar fyrir viðkomandi endurskoðanda.

Ef leyfishafi hefur ekki sinnt ákvörðun samgönguráðuneytisins um hækkun tryggingarfjárhæðar innan þriggja mánaða frá því honum var tilkynnt ákvörðun um hækkun tryggingarfjárhæðar fellur leyfi til reksturs ferðaskrifstofunnar niður.

Samgönguráðuneytinu er heimilt, ef ástæða er til að ætla að rekstur ferðaskrifstofu gangi erfiðlega, að fara fram á að skilað verði til ráðuneytisins endurskoðuðu uppgjöri innan þriggja mánaða frá því beiðnin barst viðkomandi ferðaskrifstofu.

Samgönguráðuneytið ákveður hvort greiða skuli af tryggingarfé. Eigi er heimilt að fella úr gildi tryggingu eða skerða tryggingarfé nema leyfi ráðuneytisins komi til. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður ef grípa þarf til tryggingar.

### III. KAFLI

#### **Brottfall leyfis o.fl.**

##### **7. gr.**

##### *Brottfall leyfis til reksturs ferðaskrifstofu.*

Um brottfall leyfis til reksturs ferðaskrifstofu fer eftir ákvæðum 2. mgr. 14. gr., 15. og 16. gr. laga um skipulag ferðamála og ákvæðum 6. gr. þessarar reglugerðar.

##### **8. gr.**

##### *Gildistaka o.fl.*

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum um skipulag ferðamála nr. 117/1994 með síðari breytingum.

Tryggingar ferðaskrifstofa skulu vera óbreyttar þar til ákvörðun hefur verið tekin um tryggingarfjárhæð ferðaskrifstofunnar á grundvelli 5. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um skipulag ferðamála nr. 117/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Ferðaskrifstofu ríkisins, eftirlit með gistihúsum og umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa nr. 30/1936, reglugerð um almennar ferðaskrifstofur nr. 266/1978, auglýsing um tryggingarfé ferðaskrifstofa nr. 23/1990 og auglýsing um ferðaskrifstofur nr. 328/1990.

*Samgönguráðuneytið, 5. maí 1995.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

### **um umferð í Vestmannaeyjum.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur verið ákveðið að biðskylda skuli vera á eftirtöldum stöðum gagnvart þar til greindum götum og vegum í Vestmannaeyjum: